

Ed.

145. Frumvarp

til laga um fólksráðningaskrifstofu í Reykjavík, og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki.

Frá bjargráðanefnd.

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að setja fólksráðningaskrifstofu í Reykjavík, eftir samráði við Búnaðarfélag Íslands og Fiskiveiðafélag Íslands, til fyrirgreiðslu vinnuviðskiftum í landinu. Laun forstöðumanns ákveður landsstjórnin.

2. gr.

Enn fremur heimilast landsstjórninni vald til að ráðstafa vinnufæru, en atvinnulausu og bjargarvana fólki, sem ekki verður ráðið á fólksráðningaskrifstofunni eða með frjálsum samningum á annan hátt. Þetta má þó því að eins

ske, að stórfeld bjargarvandræði verði, eða vofi yfir, og að eins að fengnu samþykki stjórnarvalda þeirra sveita eða bæja, sem fólkinu er ráðstafað til.

3. gr.

Hver sá, sem verkafólks er vant, getur snúið sjer til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarljórnar, og þær síðan til fólksráðningaskrifstofunnar, með fyrirspurnir og boð i verkafólk. Samningur, sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn gerir samkvæmt framkomnum tilmælum við fólksráðningaskrifstofuna, er bindandi fyrir hlutaðeigandi einstaklinga.

4. gr.

Þegar mjög iskyggilega litur út á einhverjum stað með bjargræði fólks, skal hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn gera landsstjórninni aðvart, með itarlegri skýrslu, um hve margt sje þar af vinnufæru, en atvinnulausu fólki, og hve mikill hluti þess bjargarvana, svo og um aldur þess og vinnudug. Skýrslu þessa hefir landsstjórnin síðan til leiðbeiningar við ráðstafanir þær, sem hún telur nauðsynlegar.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að setja verkafólki, er ferðast með skipum, lægri fargjaldstaxta en hinn vanalega. Fargjald fólks, sem ráðstafað er samkvæmt 2. gr., greiðir landssjóður að öllu leyti.

6. gr.

Hver sá, sem ráðstafað er samkvæmt 2. gr., skal skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1919.

Greinargerð.

Hjer á landi hagar nú svo til, að verkafólksekla er sumstaðar mikil, einkum í landbúnaðarsveitum, en hins vegar er margt af fólki í kaupúnum og sjávarþorpum atvinnulítið, og ósýnt, hversu ræðst fram úr því. Talsverðar líkur eru til að sjávarútvegurinn rýrni mjög frá því, sem verið hefir, vegna dýrtíðar, skorts á skipakosti o. fl., afurðasöluvandræða o. s. frv., og getur þá farið svo, að margt af verkafólki verði alveg atvinnulaust og bjargarlaust. Og þó að líkurnar virðist öllu meiri til, að sjávarútvegurinn geti enn um hríð haldið áfram að fæða flest það fólk, sem á honum hefir lifað hingað til, virðist rjett að búast við, að til hins verra geti dregið áður lýkur.

Líklegt er, að fólksráðningaskrifstofa hjer í Reykjavík gæti bætt töluvert

úr verkafólkseklum og atvinnuleysi, með milligöngu og frjálsum samningum, einkum ef hún stæði í sambandi við sveitarstjórnir eða aðra tiltekna menn úti um land. En atvinnuleysið og hjargarvandræðin geta orðið svo mikil, að ekki verði hjá því komist að ráðstafa fólki beinlínis, þaðan sem vandræðin eru mest og þangað sem ástæður eru betri. Og að því leyti, sem það getur ekki orðið með frjálsum samningum, verður það að gerast eftir valdboði.

Frumvarp það, sem ritað er hér að ofan, er samið með þetta fyrir augum. Er ætlunin sú, að aðaláherslan verði lögð á að greiða fyrir frjálsum vinnuviðskiftum, svo sem auðið er, undir yfirumsjón landsstjórnar, með milligöngu fólksráðningaskrifstofu í Reykjavík og bæjar- og sveitarstjórna. Þátttaka landssjóðs í fargjöldum mundi og að líkindum verða til nokkurrar fyrirgreiðslu. Til valdboðsráðstafana er ekki búist við að tekið verði fyr enn í síðustu lög, þ. e. ekki nema því að eins, að yfir vofi hungursneyð.